

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/772

2021/EES/22/05

frá 11. júní 2020

um breytingu á I., VII. og VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar ráðstafanir til að útrýma smitandi svampheilakvilla í geitum og búfjárkynjum í útrýmingarhættu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 23. gr. og m-lið 23. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla (áður þýtt sem „smitandi heilahrönnun“) í dýrum.
- 2) Í kafla B í VII. viðauka við þá reglugerð er mælt fyrir um þær ráðstafanir sem skal gera í kjölfar staðfestingar á því að upp hafi komið tilvik smitandi svampheilakvilla í nautgripum, sauðfé og geitum. Þegar tilvik dæmigerðrar riðuveiki er staðfest í sauðfé eða geitum skal viðkomandi bú uppfylla þau skilyrði sem eru sett fram í einum af þeim þremur valkostum sem kveðið er á um í lið 2.2.2 í kafla B í VII. viðauka.
- 3) Samkvæmt valkosti 2 skal aflífa og eyða algerlega öllu sauðfé og öllum geitum á búinu að undanskildu því sauðfé sem er af prionprótínarfgerð sem hefur þol gegn dæmigerðri riðuveiki.
- 4) Hinn 5. júlí 2017 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) vísindalegt álit ⁽²⁾ um arfbundið þol gegn smitandi svampheilakvilla hjá geitum. Samkvæmt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar eru vettvangs- og tilraunagögn nógu áreiðanleg til að álykta að genasamsæturnar K222, D146 og S146 veiti arfbundið þol gegn stofnum dæmigerðrar riðuveiki sem vitað er að eru af náttúrunnar hendi í geitastofni ESB. Í álitinu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að hægt væri að byggja stjórnun á uppkomu dæmigerðrar riðuveiki í geitahjörðum á vali á dýrum með arfbundið þol á svipaðan hátt og nú er mælt fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001 að því er varðar sauðfé.
- 5) Því er rétt að breyta kafla B í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 í því skyni að innleiða þann möguleika að takmarka aflífun og eyðingu geita einungis við þær sem eru smitnæmar fyrir dæmigerðri riðuveiki. Aðildarríkin ættu að ákvarða í hverju tilviki fyrir sig hvaða dýr ættu að vera undanþegin aflífun og eyðingu í samræmi við arfbundið þol þeirra gegn sjúkdómnum.
- 6) Í álit Matvælaöryggisstofnunarinnar er lögð áhersla á að þótt kynbætur með tilliti til þols geti verið árangursrík aðferð til að verjast dæmigerðri riðuveiki í geitum myndi mikill valþrýstingur að öllum líkindum hafa skaðleg áhrif á erfðafræðilega fjölbreytni sökum þess hversu fátíðar þessar genasamsætur eru í flestum búfjárkynjum. Í álitinu er því mælt með því að ráðstafanir til að byggja upp arfbundið þol í geitastofni séu samþykktar á vettvangi aðildarríkjanna, eftir því um hvaða búfjárkyn er að ræða ⁽³⁾. Því ættu aðildarríkin að geta útfært eigin undaneldisáætlanir byggð á tíðni genasamsætna sem veita arfbundið þol gegn dæmigerðri riðuveiki í geitastofni þeirra.
- 7) Í kjölfar tilmæla frá Matvælaöryggisstofnuninni, ef upp kemur riðuveiki á bú þar sem geitur eru haldnar, ætti aðildarríkið að ákvarða, á grundvelli undaneldisáætlunarinnar, þær tilteknu ráðstafanir sem ætti að grípa til í því skyni að byggja upp arfbundið þol í geitastofninum á fyrrgreindu bú.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 184, 12.6.2020, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 1/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

(2) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2017 15(8), 4962.

(3) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2017 15(8), 4962, bls. 4.

- 8) Tilskipun ráðsins 89/361/EBE ⁽⁴⁾ var felld úr gildi með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 ⁽⁵⁾ frá og með 1. nóvember 2018. Í 24. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar er mælt fyrir um skilgreiningu á „búfjáarkyni í útrýmingarhættu“: staðbundið búfjáarkyn sem aðildarríki viðurkennir að sé í útrýmingarhættu, erfðafræðilega aðlagð að einu eða fleiri hefðbundnum framleiðslukerfum eða umhverfi í aðildarríkinu og þar sem aðili, sem býr yfir nauðsynlegri færni og þekkingu á sviði búfjáarkynja í útrýmingarhættu, hefur sýnt fram á með vísindalegum hætti að búfjáarkynið sé í útrýmingarhættu.
- 9) Því er rétt að breyta 1. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það og skipta út, í kafla B í VII. viðauka og kafla A í VIII. viðauka við þá reglugerð, tilvísununum í tilskipun 89/361/EBE fyrir tilvísanir í reglugerð (ESB) 2016/1012 og orðalaginu „staðbundið búfjáarkyn sem hætta er á að tapist úr búfjárrækt“, eins og mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 807/2014 ⁽⁶⁾, fyrir orðalagið „búfjáarkyn í útrýmingarhættu“ eins og skilgreint er í 24. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1012.
- 10) Því ætti að breyta I., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 11) Rádstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

⁽⁴⁾ Tilskipun ráðsins 89/361/EBE frá 30. maí 1989 um hreinræktað kynbótafé og -geitur (Stjttíð. EB L 153, 6.6.1989, bls. 30).

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 frá 8. júní 2016 um dýraræktarskilyrði og ættfræðileg skilyrði vegna undaneldis, viðskipta með hreinræktað kynbótadýr, kynblönduð undaneldissvín og kímefti þeirra og komu þeirra inn í Sambandið og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 652/2014, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE og 90/425/EBE og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði kynbóta á dýrum (reglugerðin um kynbætur á dýrum) (Stjttíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 66).

⁽⁶⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 807/2014 frá 11. mars 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1305/2013 um stuðning Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við dreifbýlisþróun og um innleiðingu umbreytingarákvæða (Stjttíð ESB L 227, 31.7.2014, bls. 1).

VIÐAUKI

Ákvæðum I., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. liðar I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsmálsliðarins kemur eftirfarandi:

„1. Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar sem settar eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1069/2009 (*), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 (**), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 (***), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 (****), tilskipun ráðsins 2006/88/EB (*****) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 (*****):

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjtið ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

(**) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtið ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

(***) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

(****) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fódurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB (Stjtið. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1).

(*****) Tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum (Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14).

(******) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 frá 8. júní 2016 um dýraræktarskilyrði og ættfræðileg skilyrði vegna undaneldis, viðskipta með hreinræktuð kynbótadýr, kynblönduð undaneldissvín og kímeftni þeirra og komu þeirra inn í Sambandið og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 652/2014, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE og 90/425/EBE og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði kynbóta á dýrum (reglugerðin um kynbætur á dýrum) (Stjtið. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 66).“

b) Eftirfarandi f-lið er bætt við:

„f) skilgreiningin á „búfjáarkyni í útrýmingarhættu“ í 24. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1012.“

2) Kafla B í VII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangслиðar í lið 2.2.2. kemur eftirfarandi:

„Ef kúariða og afbrigðileg riðuveiki eru útilokaðar í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar, sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka, skal búið falla undir skilyrðin sem sett eru fram í a-lið. Að auki, samkvæmt ákvörðun aðildarríkisins sem ber ábyrgð á búinu, skal búið falla undir skilyrðin í valkosti 1, sem eru sett fram í b-lið, skilyrðin í valkosti 2, sem eru sett fram í c-lið, eða skilyrðin í valkosti 3 sem eru sett fram í d-lið. Ef um er að ræða bú með blandaða sauðfjár- og geitahjörð er aðildarríkinu, sem ber ábyrgð á búinu, heimilt að ákveða að beita skilyrðunum í einum af þessum valkostum að því er varðar sauðféð á búinu og öðrum valkosti að því er varðar geiturnar á búinu.“

b) Í stað næstsíðasta liðar í b-lið liðar 2.2.2 kemur eftirfarandi:

„Leyfa skal tilflutning á dýrum, sem um getur í i. og ii. lið, frá búinu til sláturhúss.“

c) Í stað c-liðar í lið 2.2.2 kemur eftirfarandi:

„c) Valkostur 2 – aflífun og alger eyðing smitnæmra dýra eingöngu

Príonprótínarfgerðargreining alls sauðfjár og allra geita, sem eru á búinu, að undanskildum lömbum og kiðlingum yngri en þriggja mánaða að því tilskildu að þeim sé slátrað til mannelis eigi síðar en þegar þau eru þriggja mánaða.

Tafarlaus aflífun og alger eyðing alls sauðfjár og/eða geita, fósturvísa og eggja, sem voru tilgreind í rannsókninni sem um getur í öðrum og þriðja undirlið b-liðar í 1. lið, að frátöldu eftirfarandi:

- undaneldishrútum af arfgerð ARR/ARR,
- ám til undaneldis, sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu og enga VRQ-genasamsætu, og, ef slíkar ær til undaneldis eru með fangi þegar rannsóknin er gerð, þeim lömbum sem síðan fæðast, ef arfgerð þeirra uppfyllir kröfurinnar í þessari undirgrein,
- sauðfé, sem einungis er ætlað til mannelis og er með a.m.k. eina ARR-genasamsætu,
- geitum með a.m.k. eina af eftirfarandi genasamsætum: K222, D146 og S146,
- ef aðildarríkið sem ber ábyrgð á búinu ákveður það: lömbum og kiðlingum yngri en þriggja mánaða að því tilskildu að þeim sé slátrað til mannelis eigi síðar en þegar þau eru þriggja mánaða.

Dýr eldri en 18 mánaða, sem eru aflífuð til eyðingar, skulu prófuð til að athuga hvort þau séu með smitandi svampheilakvilla í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka, eins og mælt er fyrir um í 5. lið í II. hluta kafla A í III. viðauka.

Þrátt fyrir skilyrðin, sem sett eru fram í fyrstu og annarri málsgrein í valkosti 2, er aðildarríkjunum heimilt að ákveða að framkvæma þess í stað ráðstafanirnar sem taldar eru upp í i., ii. eða iii. lið:

- i. að láta slátrun dýranna, sem um getur í annarri málsgrein valkostar 2, til mannelis koma í stað aflífunar og algerrar eyðingar þeirra að því tilskildu að:
 - dýrunum sé slátrað til mannelis innan yfirráðasvæðis aðildarríkisins sem ber ábyrgð á búinu,
 - öll dýr, sem eru eldri en 18 mánaða og slátrað til mannelis, séu prófuð til að athuga hvort þau séu með smitandi svampheilakvilla í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka,
- ii. að fresta, ekki lengur en í þrjú mánuði, arfgerðargreiningu og síðan aflífun og algerru eyðingu dýranna, sem um getur í annarri málsgrein valkostar 2, eða slátrun þeirra til mannelis. Hægt er að beita þessari undanþágu í tilvikum þegar vísitilfellið er staðfest nálægt upphafi tímabilsins þegar ær og/eða geitur eru að bera, að því tilskildu að ám og/eða geitum og nýbornum afkvæmum þeirra sé haldið aðskildum frá sauðfé og/eða geitum frá öðrum búum allan þann tíma,
- iii. að fresta, í að hámarki þrjú ár frá þeim degi sem vísitilfellið er staðfest, aflífun og algerru eyðingu dýranna, sem um getur í annarri málsgrein valkostar 2, eða slátrun þeirra til mannelis, í sauðfjár- og geitahjörðum og á búum þar sem sauðfé og geitur eru haldin saman. Beiting undanþágunnar, sem sett er fram í þessari málsgrein, skal takmarkast við tilvik þar sem aðildarríkið, sem ber ábyrgð á búinu, telur að ekki sé hægt að takast á við faraldsfræðilegu aðstæðurnar án þess að aflífa viðkomandi dýr en að ekki sé unnt að gera það strax vegna lítils þols sauðfjár- og geitastofnsins á búinu ásamt öðrum athugunarefnum, þ.m.t. efnahagslegum þáttum. Undaneldishrúta af öðrum arfgerðum en ARR/ARR skal aflífa eða vana án tafar. Gera skal allar hugsanlegar ráðstafanir til að byggja hratt upp arfbundið þol í sauðfjár- og/eða geitastofninum á búinu, þ.m.t. með markvissum kynbótum og förgun á til að auka tíðni ARR-genasamsætunnar og eyða VRQ-genasamsætunni ásamt undaneldi geithafra með genasamsætunna K222, D146 eða S146. Aðildarríkið, sem ber ábyrgð á búinu, skal sjá til þess að sá fjöldi dýra sem á að aflífa þegar frestinum lýkur sé ekki meiri en strax eftir að vísitilfellið var staðfest. Ef um er að ræða umsókn um undanþáguna, sem sett er fram í þessari málsgrein, gilda ráðstafanirnar, sem eru settar fram í 4. lið, um búið fram að algerru eyðingu dýranna, sem um getur í annarri málsgrein valkostar 2, eða slátrun þeirra til mannelis en að því loknu gilda takmarkanirnar sem mælt er fyrir um í 3. lið.

Að lokinni aflífun og algerru eyðingu allra dýra, sem um getur í annarri málsgrein valkostar 2, eða slátrun þeirra til mannelis skulu skilyrðin, sem sett eru fram í 3. lið, gilda um búið.“

d) Í stað d-liðar í lið 2.2.2 kemur eftirfarandi:

„d) Valkostur 3 – aflífun og alger eyðing allra dýra er ekki skyldubundin

Aðildarríki getur ákveðið að hvorki aflífa né eyða algerlega þeim dýrum sem tilgreind eru í rannsókninni sem um getur í öðrum og þriðja undirlið b-liðar í 1. lið ef viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í a.m.k. einum eftirfarandi fjögurra undirliða, eru uppfylltar:

- erfitt er að fá í staðinn hrúta af arfgerðinni ARR/ARR og ær sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu eða geitur með a.m.k. eina af eftirfarandi genasamsætum: K222, D146 og S146,
- tíðni ARR-genasamsætunnar innan sauðfjárkynsins eða á búinu er lág eða tíðni genasamsætanna K222, D146 eða S146 innan geitakynsins eða á búinu er lág,
- það er talið nauðsynlegt til að forðast innræktun,
- aðildarríkið telur það nauðsynlegt, byggt á rökstuddri athugun á öllum faraldsfræðilegum þáttum.

Ákvarða skal prionprótínarfgerð alls sauðfjár og allra geita, að hámarki í 50 dýrum af hvorri tegund, innan þriggja mánaða frá því að vísitilfelli dæmigerðrar riðuveiki er staðfest.

Ef fleiri tilvik dæmigerðrar riðuveiki greinast á búi þar sem valkosti 3 er beitt skal aðildarríkið endurmeta réttmæti ástæðnanna og viðmiðananna að baki ákvörðunarinnar um að beita valkosti 3 á því búi. Ef niðurstaðan er sú að beiting valkostar 3 nægi ekki til að halda uppkomunni almennilega í skefjum skal aðildarríkið breyta stjórnuninni á þessu búi frá valkosti 3 yfir í valkost 1 eða 2, eins og mælt er fyrir um í b- og c-lið.

Skilyrðin, sem sett eru fram í 4. lið, skulu tafarlaust gilda um búi þar sem ákveðið hefur verið að beita valkosti 3.

Þau aðildarríki sem leyfa beitingu valkostar 3 við stjórnun á uppkomum dæmigerðrar riðuveiki skulu halda skrár yfir ástæðurnar og viðmiðanirnar sem liggja að baki hverrar einstakrar ákvörðunar um beitingu hans.“

e) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. Að lokinni aflífun og algerri eyðingu allra dýra, sem tilgreind eru á búi, eða slátrunar þeirra til manneldis, í samræmi við lið 2.2.1, b-lið í lið 2.2.2 eða c-lið í lið 2.2.2, skulu eftirfarandi takmarkanir gilda:

3.1. Búið skal falla undir áætlun um aukna vöktun vegna smitandi svampheilakvilla. Þetta skal ná yfir prófanir til að athuga tilvist smitandi svampheilakvilla í dýrum sem eru eldri en 18 mánaða og hafa drepist eða verið aflífuð á búinu en ekki innan ramma herferðar um útrýmingu sjúkdóma. Sauðfé af arfgerðinni ARR/ARR og geitur með a.m.k. eina af samsætunum K222, D146 eða S146 skulu undanþegin. Prófanir skulu fara fram í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka.

3.2. Einungis er heimilt að koma með eftirfarandi dýr inn á búið:

- hrúta af arfgerðinni ARR/ARR,
- ær sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu,
- geitur, að því tilskildu að hreinsun og sóttþreinsun allra gripahúsa á staðnum hafi farið fram eftir að stofninn var skorinn niður.

3.3. Einungis er heimilt að nota eftirfarandi undaneldishrúta, undaneldisgeithafra og kímefni úr sauðfé og geitum á búinu:

- hrúta af arfgerðinni ARR/ARR,
- sæði úr hrútum af arfgerðinni ARR/ARR,
- fósturvísa sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu,
- undaneldisgeithafra og kímefni úr geitum eins og skilgreint er í ráðstöfununum sem aðildarríkið ákvarðar til að byggja upp arfbundið þol í geitastofnunum á búinu.

3.4. Tilflutningur á dýrum frá búinu skal annaðhvort leyfður til eyðingar eða skal háður eftirfarandi skilyrðum:

a) flytja má eftirfarandi dýr frá búinu í hvaða tilgangi sem er, þ.m.t. til undaneldis:

- sauðfé af ARR/ARR-arfgerð,
- ær sem eru með eina ARR-genasamsætu og enga VRQ-genasamsætu, að því tilskildu að þær séu fluttar til annarra bóa sem falla undir takmarkanir eftir beitingu ráðstafana í samræmi við b-lið (valkostur 1), c-lið (valkostur 2) eða d-lið (valkostur 3) liðar 2.2.2,
- geitur með a.m.k. eina af eftirfarandi genasamsætum: K222, D146 og S146,
- geitur, að því tilskildu að þær séu fluttar til annarra bóa sem falla undir takmarkanir eftir beitingu ráðstafana í samræmi við b-lið (valkostur 1), c-lið (valkostur 2) eða d-lið (valkostur 3) liðar 2.2.2,

b) flytja má eftirfarandi dýr frá búinu beint til slátrunar til manneldis:

- sauðfé með a.m.k. eina ARR-genasamsætu,
- geitur,
- ef aðildarríkið ákveður það: lömb og kiðlinga sem eru yngri en þriggja mánaða við slátrun,
- öll dýr ef aðildarríkið hefur ákveðið að beita undanþágunum sem mælt er fyrir um í i. lið b-liðar í lið 2.2.2 og i. lið c-liðar í lið 2.2.2,

c) ef aðildarríkið ákveður það má flytja lömb og kiðlinga á eitt annað bú innan yfirráðasvæðis þess, eingöngu til eldis fyrir slátrun, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- ekkert sauðfé eða geitur eru á viðtökubúinu nema dýr sem eru í eldi fyrir slátrun,
- í lok eldistímans skal flytja lömb og kiðlinga frá búum, sem falla undir niðurskurðarráðstafanir, beint í sláturhús sem er staðsett innan yfirráðasvæðis sama aðildarríkis, til slátrunar eigi síðar en við 12 mánaða aldur.

3.5. Takmarkanirnar, sem settar eru fram í liðum 3.1 til 3.4, skulu gilda áfram um búið:

- a) þar til allt sauðfé á búinu hefur ARR/ARR-stöðu, að því tilskildu að engar geitur séu haldnar á búinu eða
- b) þar til allar geitur á búinu eru með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146, að því tilskildu að ekkert sauðfé sé haldið á búinu eða
- c) þar til allt sauðfé á búinu hefur ARR/ARR-stöðu og allar geitur á búinu eru með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146 eða
- d) í tvö ár frá því að beitingu allra ráðstafananna, sem um getur í lið 2.2.1, b-lið liðar 2.2.2 eða c-liðar liðar 2.2.2, lýkur, að því tilskildu að ekkert tilvik smitandi svampheilakvilla annað en afbrigðileg riðuveiki greinist á þessu tveggja ára tímabili. Ef tilvik afbrigðilegrar riðuveiki er staðfest á þessu tveggja ára tímabili skal búið einnig falla undir ráðstafanirnar sem um getur í lið 2.2.3.“

f) Í stað 4. liðar kemur eftirfarandi:

„4. Eftirfarandi ráðstafanir skulu tafarlaust gilda á búinu eftir að ákvörðun er tekin um að beita valkosti 3 sem mælt er fyrir um í d-lið liðar 2.2.2 eða undanþágunni sem kveðið er á um í iii. lið c-liðar í lið 2.2.2:

4.1. Búið skal falla undir áætlun um aukna vöktun vegna smitandi svampheilakvilla. Þetta skal ná yfir prófanir til að athuga tilvist smitandi svampheilakvilla í dýrum sem eru eldri en 18 mánaða sem:

- hefur verið slátrað til manneldis,
- hafa drepist eða verið aflífuð á búinu en ekki innan ramma herferðar til að útrýma sjúkdómum.

Sauðfé af arfgerðinni ARR/ARR og geitur með a.m.k. eina af samsætunum K222, D146 eða S146 skulu undanþegin. Prófanir skulu fara fram í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka.

4.2. Skilyrðin sem sett eru fram í liðum 3.2 og 3.3 skulu gilda.

Þrátt fyrir liði 3.2 og 3.3 er aðildarríki hins vegar heimilt að leyfa aðflutning á búíð og notkun:

- hrúta, sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu og enga VRQ-genasamsætu, og sæðis þeirra, þ.m.t. til undaneldis,
- áa sem eru ekki með neina VRQ-genasamsætu,
- fósturvísa sem ekki eru með neina VRQ-genasamsætu,

að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- dýrið sem haldið er á búinu er af búfjárkyni sem er í útrýmingarhættu,
- dýrið sem haldið er á búinu er af búfjárkyni sem fellur undir kynbótaáætlun, sem miðar að því að varðveita búfjárkynið, sem ræktunarfélag vinnur eftir, eins og skilgreint er í 5. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1012, eða lögbært yfirvald í samræmi við 38. gr. þeirrar reglugerðar og
- tíðni ARR-genasamsætunnar í búfjárkyninu er lág.

4.3. Tilflutningur á dýrum frá búinu skal leyfður til eyðingar eða ef þau fara beint til slátrunar til manneldis eða skal háður eftirfarandi skilyrðum:

- a) flutningur á hrútum og ám af ARR/ARR-arfgerð og geitum með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146 frá búinu er frjálts, þ.m.t. til undaneldis, að því tilskildu að dýrin séu flutt til annarra bóa sem falla undir beitingu ráðstafana í samræmi við c-lið (valkostur 2) eða d-lið (valkostur 3) liðar 2.2.2,
- b) ef aðildarríkið ákveður það má flytja lömb og kiðlinga á eitt annað bú innan yfirráðasvæðis þess, eingöngu til eldis fyrir slátrun, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:
 - ekkert sauðfé eða geitur eru á viðtökubúinu nema dýr sem eru í eldi fyrir slátrun,
 - í lok eldistímans skal flytja lömb og kiðlinga beint í slátruhús sem er staðsett innan yfirráðasvæðis sama aðildarríkis, til slátrunar eigi síðar en við 12 mánaða aldur.

4.4. Aðildarríkið skal tryggja að sæði, fósturvísar og egg séu ekki send frá búinu.

4.5. Sameiginleg beit alls sauðfjár og allra geita á búinu með sauðfé og geitum frá öðrum búum skal bönnuð á tímabilinu þegar ær og/eða geitur eru að bera.

Utan tímabilsins þegar ær og/eða geitur eru að bera skal sameiginleg beit falla undir takmarkanir sem aðildarríkið ákveður, byggt á rökstuddri athugun á öllum faraldsfræðilegum þáttum.

4.6. Takmarkanirnar, sem settar eru fram í liðum 4.1 til 4.5, skulu gilda í tvö ár eftir að síðasta tilvik smitandi svampheilakvilla, annað en afbrigðilegrar riðuveiki, greinist á búum þar sem valkosti 3, sem mælt er fyrir um í d-lið liðar 2.2.2, hefur verið beitt. Ef tilvik afbrigðilegrar riðuveiki er staðfest á þessu tveggja ára tímabili skal búíð einnig falla undir ráðstafanirnar sem um getur í lið 2.2.3.“

3) Lið 4.1 í þætti A í kafla A í VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað iii. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„iii. ef um er að ræða sauðfé, vera af príonprótínarfgerð ARR/ARR, og ef um er að ræða geitur, vera með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146, að því tilskildu að þau komi ekki frá bú sem sætir takmörkunum sem settar eru fram í 3. og 4. lið í kafla B í VII. viðauka.“

b) Í stað iii. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„iii. ef um er að ræða sauðfé, vera af príonprótínarferð ARR/ARR, og ef um er að ræða geitur, vera með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146, að því tilskildu að þau komi ekki frá búí sem sætir takmörkunum sem settar eru fram í 3. og 4. lið í kafla B í VII. viðauka.“

c) Í stað i., ii. og iii. liðar d-liðar kemur eftirfarandi:

„i. dýrin eru af búfjarkyni sem er í útrýmingarhættu,

ii. dýrin eru færð inn í ræktunarbók fyrir viðkomandi búfjarkyn í sendingaraðildarríkinu. Ræktunarfélag, sem er viðurkennt í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1012, eða lögbært yfirvald í viðkomandi aðildarríki, í samræmi við 38. gr. þeirrar reglugerðar, skal koma á fót og viðhalda fyrrgreindri ræktunarbók. Dýrin skulu einnig færð inn í ræktunarbók fyrir viðkomandi búfjarkyn í viðtökuaðildarríkinu. Ræktunarfélag, sem er viðurkennt í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1012, eða lögbært yfirvald í viðkomandi aðildarríki, í samræmi við 38. gr. þeirrar reglugerðar, skal einnig koma á fót og viðhalda þeirri ræktunarbók,

iii. ræktunarfélög eða lögbær yfirvöld, sem um getur í ii. lið, annast framkvæmd kynbótaáætlunar um varðveislu fyrir þetta búfjarkyn í sendingaraðildarríkinu og í viðtökuaðildarríkinu.“

d) Í stað fyrstu og annarrar málsgreinar v. liðar d-liðar kemur eftirfarandi:

„eftir að dýr, sem ekki uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í a- eða b-lið, koma á viðtökubúið í viðtökuaðildarríkinu skal takmarka tilflutning alls sauðfjár og geita á því búí, í samræmi við lið 3.4. í kafla B í VII. viðauka, í þrjú ár. Ef áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg í viðtökuaðildarríkinu eða það er með samþykktu landsbundna riðuvarnaráætlun skal halda þessari takmörkun í sjö ár.“

Þrátt fyrir fyrstu málsgrein þessa liðar skal slík takmörkun á viðskiptum innan Sambandsins eða á tilflutningi á dýrum innan aðildarríkisins ekki gilda um dýr, sem eru af búfjarkyni sem er í útrýmingarhættu, sem ætlunin er að senda á bú þar sem þetta búfjarkyn, sem er í útrýmingarhættu, er ræktað. Búfjarkynið skal falla undir kynbótaáætlun, sem miðar að því að varðveita búfjarkynið, sem ræktunarfélag vinnur eftir, eins og skilgreint er í 5. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1012, eða lögbært yfirvald í samræmi við 38. gr. þeirrar reglugerðar.“